

Fundur fagráðs Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu 1. Júní 2022

Mætt: Emil L. Sigurðsson, Anna Guðríður Gunnarsdóttir, Súsanna Björg Ástvaldsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Oddur Steinarsson og Örn Ragnarsson. Arna Þórdís Árnadóttir verkefnastjóri ÞÍH ritaði fundinn.

Forföll boðuðu: Sigríður Sía Jónsdóttir, Pétur Heimisson og Ragnar Pétur Ólafsson

Fundurinn var haldinn á MS Teams.

Dagskrá fundar var sem hér segir:

1. Fréttir af ÞÍH
2. Mönnunarpörf- sjá meðfylgjandi drög og mail frá Huldu Gestsdóttur 24 febrúar sl.
3. Önnur mál

Gengið var til dagskrár

Fréttir af ÞÍH

ÞÍH tíðindin voru að koma út. Þar kemur ýmislegt fram sem er í gangi á Þróunarmiðstöð.

Við höfum fengið til liðs við okkur flakkara út af lyfjamálum. Flakkari er hugtak notað um fólk sem kemur til vinnu vegna ákveðins verkefnis hjá Þróunarmiðstöð í tímabundna stöðu með lítið starfshlutfall. Um er að ræða Aðalstein Guðmundsson öldrunarlæknir sem kemur til með að hafa það hlutverk að gera leiðbeiningar um lyfjamál aldraðra. Verið er að vinna að gerð ýmissa leiðbeininga vegna lyfjamála og er það hluti af vinnu lyfjanefndar heilsugæslunnar sem er eitt af verkefnum ÞÍH.

Einnig eru áform um að ráða hjúkrunarfræðing í flakkarastarf til aðstoðar Jólauugar Heimisdóttur við verkefnið heilsueflandi móttökur.

Við höfum í eitt ár verið að reyna að fá aðgang að Sögugrunninum hjá HH og það hefur dregist. Grunnurinn er flókinn og breytist frá tíma til tíma. Þarf svolítið að þekkja söguna og það tekur allt tíma. ÞÍH hefur alltaf stefnt að því að hafa aðgang að öllum sjúkraskrárunum heilsugæslunnar og að aðstoða stofnanir við að taka út skýrslur og gögn. Þetta er skref í þá átt.

Mönnunarskýrsla

Höfum rætt þetta áður og það eru svolítið skiptar skoðanir, sem er allt í lagi. Það er ljóst að stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að það væri hver og ein heilbrigðisstofnun sem ætti að gera svona skjal fyrir sig. Við fórum í þetta verkefni á sínum tíma og það hafa margir komið að þessari gerð «draga» kom upp hugmynd að ráða flakkara í gerð þessara draga, en það eru ýmis vandkvæði við það. Við höfum tekið eftir því að input hvers og eins sem kemur að skjalinu endurspeglar fyrst og fremst hans svið. Læknar eru með ákveðnar skoðanir varðandi mönnun lækna osfrv. Ekki ljóst hvaða flakkari ætti að dekkja alla þessa þekkingu. Ákvörðun stjórnvalda um að hver og ein heilbrigðisstofnun ætti að gera skjal fyrir sína stofnun er kannski skynsamleg. En þessi drög sem liggja fyrir gætu verið til grundvallar fyrir hverja og eina stofnun, fagfélög osfrv og hægt að nýta eins og hver vill.

Bent er á skýrslu sosialstyrelsen í Svíþjóð um mönnun í heilsugæslu og hvatt til að nota hana til grundvallar. Ljóst er að þetta þarf að vera lifandi plagg því að þarfir samfélagsins breytast og er ljóst að staðan í heilsugæslunni er ekki sú sama í dag og var fyrir örfáum árum. Niðurstaðan var að vinnu við gerð skýrslu um mönnunarþörf, af hálfu ÞÍH, myndi nú ljúka.

Fram kom jafnframt að stöðugt er bætt við verkefnum og þarf þetta skjal alltaf að hafa það til viðmiðunar. Dæmi voru nefnd um geðheilbrigðismál, flóttamenn og fleira. Svo koma farsældarlögin líklega til með að hafa einhverjar breytingar í för með sér.

Miklar breytingar hafa verið á heilsugæslunni nú þegar varðandi starfandi fagstéttir þar inni og líklegt þykir að það muni bættast við þær enn fremur á komandi árum. Nefnd eru dæmi um næringarfræðinga, iðjupjálfa og fleira.

Víðtækar og líflegar umræður áttu sér stað.

Gagnrýnt var að með auknum verkefnum og skyldum heilsugæslunnar þá hefur ekki fjármagn fylgt í samræmi.

Þeirri spurningu var velt upp hvornig aðkoma Þróunarmiðstöðvar hefur verið að ákvörðunum ráðuneytisins um verkefni eða hvort Þróunarmiðstöð hafi einhverja aðkomu yfirhöfuð. Formaður upplýsir um að flest af þeim verkefnum sem við fáum á borð eru með frumkvæði úr ráðuneytinu. ÞÍH hefur líka frumkvæði af verkefnum en þá er oft erfiðara að fá fjármagn með þeim.

Talsverð umræða átti sér stað um verkefni heilsugæslunnar varðandi flóttamenn og töldu sumir ekki hafa tekist að ná vel utan um þann hóp. Hefði mátt opna samtalið við landsbyggðina sem líka tekur á móti flóttamönnum og samræma verklag og þjónustu, þó að það þurfti að bregðast hratt við.

Bent var á að óeðlilegt væri að starfsmenn ÞÍH væru fengnir í verkefni fyrir HH en ekki landsbyggðina vegna COVID-19 verkefna. Þeirri ábendingu var vel tekið og fagnað umræðunni og rétt að taka þessa umræðu innan Fagráðsins, en bent á sama tíma á það að staðreyndin var sú að það þurfti allar hendur á dekk og menn tóku því sem höndum bar. Einnig var bent á að nokkrir starfsmenn ÞÍH eru í hlutastarfi bæði hjá HH og ÞÍH. Hvað varðar verkefnastjóra heilsueflandi móttaka þá var hún lánuð tímabundið til HH í þetta verkefni sem var COVID-19 enda enginn grundvöllur fyrir hennar starfi hjá ÞÍH á meðan Covidfaraldur stóð sem hæðst. HH borgaði hennar laun á meðan.

Rætt var að vinnuhópur hefur verið í gangi í ráðuneytinu út af greiðslumódelinu. Tekið fram að starfsmenn landlæknis og sjúkratrygginga eru oft sammála fulltrúum heilsugæslunnar. Bent á að það sé öfug fylgni í rannóknum á notkun á þjónustunni og þeim þáttum sem er verið að mæla í vísitölunni eins og er. Þarf meðal annars að taka inn túlkabjónustuna. Nokkrir þættir sem vitað er um og verið er að vekja athygli á sem þarf að laga.

Staðreyndin er sú að nýr veruleiki er á Íslandi. 20-25% Íslendinga eru ekki fæddir hér. Það þarf að horfast í augu við þann veruleika í starfi. Fólk með mismunandi kröfur og væntingar og flóttafólkið er minnsti parturinn af þeim. Það þurfum við að sjá meira inni í greiðslumódelinu. Félagsvísitalan þarf að taka á þessu. Við hjá HH erum að minnka vægi greiningar, frekar taka til lýðheilsuþætti. Lýðheilsutalan ætti að vera lifandi og sveigjanlegra plagg en það hefur verið. Eðlilegt að það þurfi að skoða það. Þarna er hópur sem er þjónustukrefjandi.

Það er ljóst að enginn veit betur hvar skóinn kreppur en fólkíð á gólfinu því er mikilvægt að við eigum að efla stofnanirnar og fagstéttirnar til að koma að gerð mönnunarskjals. Við erum búin að gera drög að

skjali sem unnt er að leggja til grundvallar en stofnunum er í sjálfsvald sett hvort og hvernig þær nýta sér það.

Önnur mál:

ÞÍH á að vera leiðandi og samræma heilsugæsluna í þróun og slíku og Heilsuvera er nefnd til sögunnar og hversu íþyngjandi hún er orðin fyrir heimilislækna.

Þarna eru endalausar fyrirspurnir og lyfjaendurnýjarnir en þessar endalausur fyrirspurnir sem eru sendar nótt sem nýtan dag, þetta er orðinn stór partur af heilsugæslunni víða og spurning hvort öll samskipti verði rafræn í framtíðinni. Því er velt upp hvort ÞÍH hafi einhverja skoðun á hvernig þessi þróun er að verða.

ÞÍH hefur fylgst með þessari þróun og hefur áhyggjur af henni. Ekki er gert ráð fyrir tíma í dagskrá læknisins að skoða skilaboðin og svara þeim og því er hætt við að skorinn verði tími annarsstaðar frá. Frá móttöku, símsvörum eða annað. Fólk situr svo oft fram eftir vinnu og fram á kvöld jafnvel að leysa úr málum. Formaður telur að þetta sé verkefni sem ætti að fara yfir innan ÞÍH. Hvort það sé hægt að finna flöt sem er skynsamlegur. Ljóst er að ekkert hefur verið gert ráð fyrir þessu í mönnum og þetta hefur vaxið gríðarlega.

Fram kom að HH hefur verið að reyna að búa til verklag sem er ekki tilbúið en stefnt á að það verði tilbúið á næstu vikum. Það verður svo farið í auglýsingaherferð með Heilsuveru um hvernig á að nota hana. Kannski hefði ÞÍH, landsbyggðin og einkareknu átt að koma að þessu en þetta verklag er að koma úr algerrri nauðsyn og í raun gert í flýti.

Bent er á að símsvörum 1700 er að koma yfir til HH sem að er gott og vel en hefði verið gott að leyfa aðkomu landsbyggðarinnar að þessari tilfæringu svo að það væri ljóst að allar upplýsingar um það sem gerist á landsbyggðinni fylgi með. Gagnrýnt að svo stórar ákvarðanir séu teknar sem hafa áhrif á landsbyggðina séu ekki bornar undir hana. Þetta mál kom aldrei inn á borð hjá ÞÍH, en það er langt síðan að þessi ákvörðun var tekin í ráðuneytinu að þetta færi yfir til HH. Ástæðan fyrir því að samtalið hefur ekki verið tekið við landsbyggðina er vegna þess að Læknavaktin hefur ekki fengist til samtals. En verið er að reyna að einfalda þjónustuna með því að sameina upplýsingamiðstöð, 1770 og Heilsuveru. Fullur vilji er til að gera þetta vel og taka samtal við alla því það þarf að vera gætt að réttu upplýsingaflæði.

Fleira var ekki rætt

Ekki er reiknað með fundi næst fyrr en í haust.

Fundi slitið klukkan 14:59